

Birtist í *Morgunblaðinu*, 11. janúar 2002.

Á ríkið að fjármagna menntakerfið?

Jón Steinsson

Á síðasta ári fór fram talsverð umræða um skynsemi þess að Háskóla Íslands væri leyft að innheimta skólagjöld í MBA námi sem þá var verið að setja á laggirnar við skólann. Hin mikla andstæða sem slík skólagjöld mættu í þjóðfélaginu kom svo sem ekki á óvart. Hún var hins vegar athyglisverð í ljósi þess að ef nokkurt nám er til sem ríkið ætti *ekki* að fjármagna þá er það MBA nám. Þetta er vegna þess að MBA nám er afskaplega góð fjárfesting. Nemendurnir njóta arðsins af þessari fjárfestingu og því er hálf einkennilegt að þeir séu ekki látnir borga fyrir hana.

En þetta er ekki svona einfalt. Þar sem kostnaðurinn af námi fellur til áður en arðurinn af náminu byrjar að skila sér, og þar sem arðurinn af náminu er óviss, getur verið erfiðleikum háð fyrir unga námsmenn að fjármagna nám sitt sjálfir. Þessi vandi getur leitt til þess að verulegur aðstöðumunur skapist í þjóðfélaginu milli þeirra sem koma frá efnuðum heimilum sem geta aðstoðað við fjármögnun langskólanáms og hinna sem ekki koma frá slíkum heimilum. Í slíkum aðstöðumun felst óþolandi sóun sem ótækt er að viðgangist.

Ríkisfjármögnun er hins vegar ekki eina leiðin til þess að tryggja jafnrétti til náms. Í stað þess að fjármagna menntakerfið gæti ríkið búið þannig um hnútana að allir landsmenn ættu kost á því að taka lán á sanngjörnum kjörum til þess að fjármagna menntun sína.

Þessi aðferð hefur nokkra mikilvæga kosti fram yfir núverandi kerfi. Hún myndi auka til muna þá samkeppni sem íslenskir skólar á háskólastigi búa við. Eins og er niðurgreiðir ríkið háskólamenntun á Íslandi. Nemendur sem hafa áhuga á því að mennta sig í erlendum háskólum þurfa hins vegar að greiða fyrir þá menntun sjálfir. Af þessu leiðir að íslenskir háskólar búa við takmarkaða samkeppni frá erlendum háskólum. Ef nemendur greiddu fyrir menntun sína með lánum myndi dæmið horfa allt öðru vísi við. Þá væri það raunhæfur möguleiki fyrir mun fleiri íslenska námsmenn að mennta sig erlendis. Þessir nýju valmöguleikar myndu bæta hag íslenskra nemenda verulega og veita íslenskum háskólum aukinn hvata til þess að bjóða upp á menntun sem stenst alþjóðlegan samanburð

Slík kerfisbreyting myndi þar að auki að öllum líkindum leiða til hugarfarsbreytingar á meðal nemenda. Nemendur yrðu mun meðvitaðri um kostnaðinn sem menntun þeirra fylgir og myndu því að öllum líkindum taka nám sitt alvarlegar og gera auknar kröfur varðandi gæði þess náms sem þeim er veitt.

Eitt af mestu vandamálum íslenska menntakerfisins í dag er sá doði sem skortur á samkeppni og kostnaðarvitund elur á. Nemendur og kennarar bera litla virðingu fyrir kerfinu. Nemendur vegna þess að allt sem þeir fá er ókeypis frá þeirra bæjardyrum séð. Kennarar vegna þess að í kerfi með nánast engri samkeppni er lítill utanaðkomandi hvati

til þess að standa sig vel. Andrúmsloftið sem þessi viðhorf skapa eru letjandi fyrir alla og fælir frá hæfileikafólk.

Kerfi beinna fjárframlaga úr ríkissjóði hefur einnig í för með sér mjög víðtæka tekjutilfærslu frá skattgreiðendum til nemenda. Þessi tekjutilfærsla er hugsuð til þess að hjálpa þeim sem standa verst fjárhagslega að afla sér menntunar. Staðreyndin er hins vegar sú að flestir þeir sem njóta góðs af þessum tilfærslum eru alls ekki þeir sem minna mega sín heldur þeir sem mest mega sín, þ.e. þeir sem eiga eftir að hafa hæstar tekjur seinna á lífsleiðinni. Ef ríkið hætti að mestu að fjármagna menntakerfið beint úr ríkissjóði væri unnt að draga verulega úr þessum tilfærslum til hinna efnuðu og nota sparnaðinn til þess að lækka skatta eða auka tilfærslur til þeirra sem raunverulega þurfa þeirra.

Á hinn bóginn mælir ýmislegt með því að ríkið komi beint að fjármögnun menntakerfisins. Í fyrsta lagi fylgja menntun mikilvæg „ytri áhrif“, þ.e. við höfum öll hag af menntun hvers annars. Af þeim sökum er eðlilegt að samfélagið niðurgreiði menntun að einhverju leyti. Í öðru lagi er ljóst að sum menntun skilar ekki fjárhagslegum arði, en við viljum samt að fólk eigi þess að kost að stunda slíka menntun. Í þriðja lagi vitum við að flestum okkar er mein illa við að skulda. Því er allt eins líklegt að fólk kjósi að afla sér minni menntunar en ella ef það þarf að steypa sér í miklar skuldir, jafnvel þótt menntunin skili arði.

Því er vísast skynsamlegast að farin sé einhver millileið sem sameinar kosti þessara tveggja kerfa. Því vil ég leggja til að fjármögnun menntakerfisins verði breytt á eftirfarandi hátt: Ríkið hætti beinni fjármögnun framhaldsskóla og háskóla. Ríkið breyti Lánasjóði íslenskra námsmanna þannig að hann veiti lán fyrir allri menntun á þessum skólastigum (sem uppfyllir einhver lágmarks skilyrði) á vöxtum sem eru jafnir hálfum stýrivöxtum Seðlabanka Íslands á hverjum tíma (eða eitthvað í þeim dúr). Þar að auki veiti ríkið hverjum nemenda ávísun á menntun sem á hverjum tíma nægir til þess að niðurgreiða ódýrt bóknám um svo sem 30-50% (ef til vill 150.000 kr á ári). Ríkið veiti skólum aukið fjárhagslegt sjálfstæði þar með talið frelsi til þess að ákvarða skólagjöld sín.

Kerfi af þessum toga sameinar í stórum dráttum öll ofangreind sjónarmið. Það tryggir öllum jöfn tækifæri til þess að afla sér menntunar. Það niðurgreiðir menntun verulega sem ætti að koma í veg fyrir að fólk veigri sér við að afla sér menntunar. Niðurgreiðslurnar gera fólki þar að auki kleift að stunda nám sem ekki skilar miklum fjárhagslegum arði. Mun stærri hluti námskostnaðarins er samt sem áður borin af hverjum nemenda fyrir sig. Því lækkar beinn kostnaður ríkisins af menntakerfinu og kostnaðarvitund nemenda eykst. Síðast en ekki síst leiðir það til aukinnar samkeppni milli íslenskra og erlendra háskóla.

Til þess að unnt verði að hefja íslenska menntakerfið upp úr þeirri meðalmennsku sem það nú situr fast í eru róttækar breytingar nauðsynlegar. Breytingarnar sem hér hafa verið reyfaðar eru ákjósanlegt fyrsta skref.

Höfundur er aðstoðarritstjóri á vefritinu Deiglan.